



Fundargerð 28. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Zoom 2. janúar 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Jón Þór Jónsson (JPJ), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

Mættir varamenn: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) og Kolbrún Vignisdóttir (KV).

Fjarverandi:

AS ritaði fundargerð.

1. Fulltrúar í nefndir FIA

Sex aðilar hafa haft samband og óskað eftir að verða tilnefndir í nefndir hjá FIA:

- Baldvin Hansson (Circuits Commission)
- Halldór Jóhannsson (Drift Commission)
- Ingimundur Helgason (Drag Racing Commission)
- Linda Dögg Jóhannsdóttir (Off-road Commission)
- Tryggvi M Þórðarson (Esport Commission)
- Hanna Rún Ragnarsdóttir (Women In Motorsport commission)

Umræður urðu um þá sem óskuðu eftir tilnefningu. Þar kom meðal annars fram að trúnaðarbrestur hefði komið upp í stjórninni árið 2022, vegna ummæla HRR sem þá var aðalmaður, og var lýst andstöðu við að tilnefna hana nú til setu í FIA Women in Motorsport Commission.

HRR lagði fram eftirfarandi bókun:

“Mér þykir sótt að mér á harkalegan og ómálefnalegan hátt og tala um að ég fái ekki stuðning vegna næstum tveggja ára gamals máls. Þá fór ég í viðtal á visir.is sem birtist þann 2. júní 2022 og hægt að horfa á á Ísland í dag, en tengill er á þáttinn í fréttinni á visir.is. Varðandi samfélagsmiðlilinn þá stendur þar: “Það er ekki langt síðan 5 karlar sátu á zoom fundi með mér að hrauna yfir mig og vinnuna mína í sambandi við þetta fallega verkefni sem ég tók að mér að annast og geri í sjálfboðavinnu. Ég var kölluð siðlaus, vanhæf og með töffaraskap ef ég svaraði fyrir mig. Viðurkenni að þessi klukkutíma fundur sem var vel nýttur í að tala niður til mín tók virkilega á .. EN ég stend hér ennþá og fer ekki að sleppa stelpunum mínum ! Mér þykir ofboðslega vænt um þennann hóp og skal glöð taka slaginn fyrir þær. Leiðindapésar... come at me ! Hlakka til að eyða sumrinu með þessum frábæru stelpum” og var ekki minnst orði á hverjir þetta hefðu verið.”

Greidd voru atkvæði um einstaka aðila og fór svo að allir utan HRR hlutu stuðning stjórnar til tilnefningar.

Jafnframt var ákveðið að setja reglur fyrir fulltrúa AKÍS í nefndum FIA og þær verði tilbúnar tímanlega áður en nýjar nefndir taka til starfa 1. apríl næstkomandi.



2. Reglur 2024

Stjórn samþykkir tillögur Regluráðs um keppnisgreinarreglur í rally, rallycross, spyrnu, drifti, kappakstri, tímaati og gokart. Reglurnar eru aðgengilegar í gegnum heimasíðu sambandsins. Reglugerðir um akstursíþróttafólk ársins og um keppnishald eru til endurskoðunar hjá TMP og AS. Stefnt er á að leggja breytingartillögur fyrir stjórn á fundi hennar 16. janúar n.k.

HRR fór af fundi.

3. Ársþing AKÍS 2024

Búið er að taka frá fundarsal í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 9. mars n.k. Rætt var um mögulegar lagabreytingar og annað sem taka þarf fyrir á þinginu.

4. Starfsmaður

Tveir aðilar hafa lýst yfir áhuga á að taka að sér vinnu fyrir sambandið og eru báðir hluti af stjórninni. Ákveðið að aðrir aðilar í stjórn hittist á fundi eftir viku og ræði framhaldið. TMP mun kalla til fundar.

5. Önnur mál

Skoðunarmenn til Svíþjóðar - Mögulega geta 1-2 skoðunarmenn og eða öryggisfulltrúar frá AKÍS fengið að fylgjast náið með störfum slíkra aðili við Rally Sweden 15. - 18. febrúar, en keppnin er hluti af heimsmeistaramótinu í rally. Ekki liggur fyrir með kostnað né nánara fyrirkomulag ef af verður. Ákveðið að TMP sendi erindi á öll aðildarfélög þar sem óskað er eftir að þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í þessu hafi samband sem fyrst.

Næsti fundur 16. janúar 2024 kl. 19.30

Fundi slitið kl. 21.29